

# Stjórnarfundur FÍSOS

14. desember 2010



Fundarstaður: 6. hæð Þjóðminjasafnsins

Mættir eru: Guðný Dóra, Jón og Sigríður Melrós. Kristín Sóley var í símanum og ritaði fundargerð. Helga og Elfa Hlín boðuðu forföll.

Fundur settur kl 12.00

## Dagskrá fundar:

### 1. Fundargerð aðalfundar FÍSOS

Fundargerð frágengin og verður sett inná heimasíðu safnanna.

### 2. Inntaka nýrra félaga

Eftirtalinn aðili var samþykktur inní félagið:

Helgi Örn Pétursson (270575-3669) starfsmaður Tækniminjasafns Austurlands

### 3. Farskóli FÍSOS 2011

Reikningar fyrir Farskólann 2010 standa réttu megin við núllið.

Formaður mun upplýsa Sigríði, næsta farskólastjóra, hver fulltrúi Físos er og færir prókúruna á þann sem sér um reikningana fyrir farskólann 2011.

### 4. Nefnd um safnaverðlaunin

Nefndarmenn og formenn stjórnna Físos og ICOM stefna að því að funda saman í byrjun næsta árs.

### 5. Endurmenntunarnámskeið

Elfa Hlín sendi út á póstlistann ósk um efni fyrir endurmenntunarnámskeið á vegum Físos. Dræmar undirtektir.

### 6. Erindi frá Sigurjóni Baldri

Stjórn FÍSOS samþykkir að taka þátt í kostnaði fyrir erlendan fyrirlesara inní námskeið á vegum safnfræðinnar í Hí í vikunni 28. mars – 3. apríl 2011. Greiddar verða 60.000 í ferðakostnað vegna fyrirlesarans. Óskað hefur verið eftir því við Sigurjón Baldur að fyrirlesturinn verði aðgengilegur fyrir félagsmenn þeim að kostnaðarlausu og fyrir þá sem ekki eiga heimangengt (á netinu). Stjórnin leggur til að þemað „digital learning and learning in museums“, sem var á lista Sigurjóns um hugsanleg umræðuefni, verði það sem tekið verður fyrir í fyrirlestrinum þar sem það myndi nýtast félagsmönnum einkar vel að þessu sinni.

### 7. Heimasíðan og póstlistinn

Mikilvægt að halda heimasíðunni á lífi og póstlistinn er mikilvæg upplýsingaveita.

### 8. Íslenski safnadagurinn og tímasetning hans.

Ákvörðun frestað til næsta fundar vegna fjarveru Helgu.

## 9. Önnur mál

### Málefni um Listasafn Árnesinga

Rætt var um fréttáflutning í DV frá því í október þar sem fjallað var um riftun samnings sem Hannes Lárusson og Listasafn Árnesinga höfðu gert með sér. Vegna einhliða fréttáflutnings í DV um ónægju þriggja sýningarstjóra með starfshætti safnstjóra í Listasafni Árnesinga hafi stjórn Físos séð ástæðu til að kynna sér málið. Telur stjórn að safnstjóri hafi brugðist rétt við og ásakanir þremmenninganna hafi verið óréttmætar m.a. vegna vanþekkingar á hlutverki og starfsháttum safna. Þessi ágreiningur endaði þó vel því þremmenningarnir sáu að sér og skrifuðu afsökunarbréf en sú hlið málsins kom aldrei fram opinberlega.

Telur stjórn Físos að málið hafi endað vel að lokum og af þessu megi draga mikilvægan lærdóm.

### Málefni um Minjasafn Orkuveitu Reykjavíkur

Stjórn Físos harmar að Minjasafni Orkuveitu Reykjavíkur hafi verið lokað án fyrirvara. Reglubundin söfnun gripa tengdum sögu rafvæðingar hófst árið 1971 á 50 ára afmæli Rafmagnsveitunnar. Hér var því tæplega 40 ára söfnunarstarf og 20 ára reynsla af miðlun og sýningu þessarar sögu slegin af án þess að nokkurt samráð hefði verið haft við neina kunnáttuaðila, fagsöfn eða aðra slíka. Á þessu hálfri aldar tímabili hefur safnið þegið gjafir og/eða tekið við gripum frá öðrum aðilum, fyrirtækjum eða stofnunum á sviði raforkugeirans. Stjórn Físos vekur athygli á skilgreiningu 4. gr. safnalaga nr. 106/2001 á safni: "Safn er samkvæmt lögum þessum stofnun, opin almenningi, sem hefur það hlutverk að safna heimildum um manninn, sögu hans, umhverfi og náttúru landsins, standa vörð um þær, rannsaka, miðla upplýsingum og hafa þær til sýnis svo að þær megi nýtast til rannsókna, fræðslu og skemmtunar." Safnkostur Minjasafns Orkuveitu Reykjavíkur er safn menningarsögulegra gripa og því mikilvægt að hann glatist ekki. Því fylgir ákveðin ábyrgð og skuldbinding sem varðar rannsóknir, miðlun og varðveislu. Þó þröngt sé í búi tímabundið er mikilvægt að hlúa að þeim menningarverðmætum sem safnið geymir og gera áætlanir um framtíð þess.

### Safnabókin

Kristín Sóley vakti máls á umræðu sem átti sér stað á fundi eyfirska safnaklasans varðandi útgáfu, vinnu og tilvist safnabókarinnar.

Stjórnarmeðliomir ræddu í framhaldinu um hvort þörf væri fyrir því að gefa Safnabókina út árlega og út frá þeirri umræðu spunnust líflegar umræður og vangaveltur s.s. :

- Að mikilvægt sé að vandað sé til verks og að samstarf útgáfuaðila og stjórn Físos sem og við Safnaráð sé mjög gott. Virkja þurfi aðila á hverju landssvæði til að lesa yfir efni sem viðkemur hans svæði - mjög mikilvægt svo allar upplýsingar séu réttar.
- HVort safnaráð ætti kannski að senda út á póstlistann ástæður fyrir því af hverju viðkomandi safn, sýning, setur ætti að taka þátt. Hlutir sem þar skipta máli eru t.d. dreifing, samstarf, styrkur frá safnaráði, kynning og í bréfinu ætti einnig að útskýra þörfina á safnabókinni.
- Ætti kannski að kanna möguleikann á því að fá Menntamálaráðuneytið til þess að taka þátt??

Ekki fleira gert.

Fundi slitið 13:20